

Orkustofnun
Skúli Thoroddsen
Grensásvegi 9
108 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 7. apríl 2017
UST201703-344/B.S.
10.05.05

Efni: Umsókn um rannsóknarleyfi - jarðhiti - Eyrar og Kambhóll í Svínadal. Umsögn


Vísað er til bréfs Orkustofnunar dags. 29. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda umsókn.


Ráðgert er að bora eina holu 800 – 1000 m djúpa. Fram kemur í umsókninni að á fyrirhuguðum borstað sé nú þegar fyrir hendi þétt vegakerfi þannig að ekki þarf að leggja nýjar slóðir að framkvæmdasvæðinu. Ætlunin er að fjarlægja borplan að borun lokinni.

Umhverfisstofnun telur að hér sé um að ræða rannsóknarborun í manngerðu umhverfi og ummerki að borun lokinni ættu að verða lítil miðað við hvað tíðkast við sambærilegar framkvæmdir.

Stofnunin gerir ekki athugasemdir við umrædda umsókn.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri